

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0007  
IAS

## Efni: Þjónustubygging við Raufarhólshelli, matskyldufyrirspurn

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 5. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna þjónustubyggingar við Raufarhólshelli.

Raufarhóll ehf. hefur verið rekstrar- og umsjónaraðili Raufarhólshellis síðan 2016 og árið 2017 var byggt 119 m<sup>2</sup> þjónustuhús við um 0,3 ha bílastæði. Sú aðstaða annar ekki lengur þeim fjölda gesta sem heimsækja hellinn og því er fyrirhugað að reisa allt að 700 m<sup>2</sup> þjónustuhús en ekki þarf að stækka bílastæðið.

Fyrirhugað framkvæmd er á nútímahrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr laga nr 60/2013 um náttúruvernd og Raufarhólshellir er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, svæði 755.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn málsins og telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni. Byggingin verður nánast alfarið á núverandi bílastæði og á röskuðu hrauni rétt utan þess og er það mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin, eins og henni er lýst, þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

